

Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

2. tölublað • 20. árgangur • nóvember 2022

Efni

- 2 *Frá Íslenskri málnefnd*
- 3 *Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2022*
- 6 *Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar 2022*

Málræktarþing 29. september 2022

- 7 *Ávarp menningar- og viðskiptaráðherra*
Lilja Alfreðsdóttir
- 9 *Allt á einum stað*
Guðrún Nordal
- 12 *Stælgæinn – Miðlæg málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla*
Anna Sigríður Práinsdóttir
- 16 *Alfræðiorðalæknar og örgjörvar – Um alfræðiefni á netinu*
Jón Gunnar Þorsteinsson
- 19 *Lítt kunnar bækur – Nú aðgengilegar í öllum símunum*
Kristján B. Jónasson



Frá Íslenskri málnefnd



Þessi útgáfa *Málfregna* er helguð málrættarþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið var í Þjóðminjasafninu 29. september 2022.

Á málrættarþinginu flutti Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, ávarp og því næst héldu Guðrún Nordal, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Kristján B. Jónasson og Sigríður Wöhler erindi. Fundarstjóri var Luciano Dutra.

Ávarp ráðherra og erindi þeirra Guðrúnar, Önnu Sigríðar Jóns Gunnars og Kristjáns birtast nú á síðum þessa rits. Einnig er hægt að nálgast upptökur frá málþinginu. Þær er að finna á vefsíðu Íslenskrar málnefndar: islenskan.is/malfregnir.

Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2022

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögunum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu árið 2022.

Íslensk tunga og nýir miðlar

Staða íslenskunnar

Íslenska er tungumál sem afar fáir nota sem fyrsta mál sitt. Þess vegna er þörf er á meiri aðgerðum í þágu íslensku en fjölmennari tungumála. Þá þurfa stjórnvöld að taka meiri þátt í þeim aðgerðum en ella væri. Hér geta stórbjóðirnar ekki verið fyrirmynd því að íslenskar aðstæður eru sérstakar og kalla á meiri afskipti hins opinbera.

Fjarskiptabylting

Samskipti í heiminum fara nú í æ ríkari mæli fram á netinu og í snjalltækjum en stjórnkerfi landa og ýmis önnur kerfi hafa reynt sein að bregðast við afleiðingum þessa á fámennar þjóðtungur. Að sjálfsögðu er ekki stefnt að því að netið og snjalltæki leysi aðra miðla alfarið af hólmi. Áfram þarf að styrkja gerð vandaðs prentefnis. Enginn vafi er þó á að til þess að ná til fjöldans þarf að beina sjónum að þessum miðlum og íslenska þarf umtalsverðan aukastuðning til að þrífast í stafrænum heimi.

Aðgengi

Fá tungumál eru aðgengilegri á netinu en enska. Íslenska er þar lítt áberandi og þó heldur meira en fyrir áratug. En betur má ef duga skal. Auka þarf fjölbreytni íslensks efnis á netinu og ekki síst gamals og nýs fræðsluefnis en einnig hljóðefnis. Nýjar kynslóðir halda gjarnan að það sem ekki finnst í leitarvélum eins og Google sé ekki til.

Máltækni

Í máltækniáætlun sinni hafa stjórnvöld lyft grettistaki, ekki síst þegar kemur að vélþýðingum og möguleikanum á að tölvur skilji talaða íslensku. Þetta er mikilvæg forsenda annarra umbóta í þágu íslenskunnar á netinu en þó ekki nægjanleg því að það eitt og sér leysir ekki þann vanda að íslenskir notendur standi einkum andspænis ensku á netinu.

Íslenskt viðmót í tölvum og snjalltækjum

Stjórnvöld þurfa að setja reglur um íslenskt viðmót í tölvum og snjalltækjum, a.m.k. í opinberum stofnunum og mun það hvetja þá framleiðendur sem ekki gefa kost á slíku viðmóti til að bæta úr því. Vegna smæðar sinnar býr íslenskt málsamfélag við aðrar aðstæður en önnur evrópsk samfélög þar sem markaðurinn er iðulega nægileg hvatning en ástæða er til að vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess að hið opinbera marki skýra stefnu í samræmi við stöðu tungunnar í stjórnarskrá og lögum.

Samtal kynslóðanna

Eitt af markmiðum íslenskrar málstefnu er að ekki verði rof á milli tungumáls kynslóðanna. Þar sem fólk sækir í æ ríkara mæli þekkingu á netið er brýn þörf á að auka netaðgengi að sögulegu og eldra efni langt umfram það sem nú er og það á einnig við um íslenskar þýðingar á erlendu efni. Mikilvægt er að taka tillit til þeirra sem ólust upp við annað móðurmál og huga sérstaklega að efni sem gerir þeim gagn. Stundum er talað um að bókmenntir séu forsenda þess að þjóðtungur lifi af. Mikilvægt er að það endurspeglar í íslenskustefnu stjórnvalda á netinu.

Málrækt

Þeim mun meira af góðu og vönduðu efni sem er að finna á netinu þeim mun líklegra er að nýjar kynslóðir læri vandað og gott mál. Eins og með alla nýja miðla er talsverð hætta á að ráðandi efni verði slangurmál og í litlu samhengi við vandaða íslensku. Eins getur verið vafasamt að öll þekking sé sótt í erlendar heimildir þannig að úr verður blendingsmál. Mun meira af vönduðu efni á íslensku er nú á netinu en áður en hér þarf samt að auka verulega við. Afar mikilvægt er að mál fjölmiðla verði vandaðra en þar hefur yfirlestur mjög verið skorinn niður og ættu ríkisstyrkir til fjölmiðla að hluta til að vera eyrnamerkir málfræðingum. Til greina kæmi að koma á miðlægri málfræðingjök fyrir sjálfstæða fjölmiðla.

Aðgengi að orðabókum og alfræðiritum

Brýn þörf er á því að stjórnvöld styrki sérstaklega gerð alfræðiefnis fyrir netið, s.s. íslenska wikipediu eða hliðstæð alfræðirit og jafnvel alfræðirit um sértæk efni, s.s. sagnfræði, bókmenntir og náttúruvísindi. Annars er hætta á að fyrsti áfangastaður fróðleikspyrstra verði óvandað efni, efni ætlað yngri skólastigum eða nemendaritgerðir. Vísindavefurinn hefur gert mikið gagn en hér þarf að ganga lengra og setja fram heildstæða áætlun um netvæðingu alfræðiefnis. Afar brýnt er að slík rit verði gjaldfrjáls þannig að notendum sé ekki beint að erlendu efni. Þetta á einnig við um tvímála orðabækur.

Eldra efni á netinu

Landsbókasafn hefur staðið sig vel í að setja eldra efni á netið (timarit.is og baekur.is) og skiptir það miklu máli. En auka þarf enn frekar við eldra efni á netinu og hafa það sem fjölbreyttast. Fyrsta skrefið er að koma úrvalstextum, sem ekki eru lengur í höfundarrétti, á netið eins og erlendis er gert við Biblíuna, Hómer og Shakespeare. Þannig er mikilvægt að ná samningum við skáldsagnahöfunda og útgefendur til að hægt sé að setja verk þeirra á netið og eins vinna að því að setja bæði eldri og ný gagnasöfn á netið. Þetta þurfa

Samkeppnissjóðir að styrkja í mun meira mæli en nú er og jafnvel mætti stofna nýjan sjóð sem einkum annast rafvæðingu eldri gagnagrunna. Ekki er nóg að setja efni á netið heldur þarf einnig að kenna nemendum að vinna með eldri texta á öllum skólastigum.

Rafrænt námsefni

Heilmikið starf hefur verið unnið við gerð rafræns námsefnis en þó er ekki enn hægt að líkja saman því gæðaeefni sem til er á prentbókum og því sem til er rafrænt. Eins er heilmikið vandað efni þegar til á netinu og þörf er á að kynna það betur. Það þarf að styðja mjög við gerð rafræns kennsluefnis svo að það standi jafnfætis prentuðu efni og á það ekki einvörðungu við um námsgreinina íslensku heldur allar námsgreinar og vísindi.

Hlaðvörp

Fræðandi hlaðvörpum hefur fjölgað allnokkuð og því ber að fagna. Hér þarf þó að auka við og veita sérstaka styrki til vandaðrar hlaðvarpsgerðar. Þó að dægurmál verði eðlilega alltaf vinsælust á hlaðvarpsveitum er mikilvægt að til sé vandað fræðsluefni sem er hægt að vísa fróðleiksþyrstum á. Til greina kemur að efnt verði til sérstakrar kynningar á gæðaeefni og jafnvel að veita sérstök hlaðvarpsverðlaun.

Hljóðbóka- og rafbókabyltingin

Íslendingar eru eftirbátar annarra þjóða þegar kemur að aðgengi að hljóð- og rafbókum á íslensku og mikil hætta á að fólk sem venst á þessi form lesi þá fremur ensku. Þess vegna verða stjórnvöld að beita sér fyrir að íslenskar bækur verði aðgengilegar sem hljóð- og rafbækur í auknum mæli. Eins er mikilvægt að þetta efni verði á því formi sem aðgengilegast er á hverjum tíma. Huga þarf að stöðu höfunda og útgefenda með miðlægum samningi sem hefur þann tilgang að auka aðgengi að íslensku gæðaeefni. Átak þarf að gera bæði til að koma á fót öflugri bókasafnsmiðlun hljóðbóka og rafbóka (á vegum einstakra safna eða með miðlægu hljóðbókasafni) og kynningu á þeim.

Áhugi þjóðarinnar

Mikilvægast af öllu er að virkja áhuga þjóðarinnar á íslensku efni og auðvelda henni að sækja í það á stafrænu formi. Samkeppnin um athyglina er hörð og ekki sjálfsagt að íslensk tunga vaxi og dafni í slíku umhverfi. Þjóðin sýnir þó tungunni iðulega mikinn áhuga og það er stjórnvalda að glæða hann á allan hugsanlegan hátt.

Fjárstuðningur ríkisins

Hið opinbera getur margt gott látið af sér leiða fyrir tiltölulega lítið fjármagn. Hér að framan hafa nokkur verkefni verið nefnd sem lúta sérstaklega að íslensku á netinu.

1. Átak til að auka áhuga þjóðarinnar á að nota íslensku á netinu.
2. Hljóðbóka- og rafbókasafn á netinu.
3. Styrkir til gerðar vandaðra hlaðvarpa.
4. Auknir styrkir til rafræns kennsluefnis
5. Sjóður til að koma mikilvægu gömlu efni á netið.
6. Styrkur til vinnslu alfræðirits á netinu.
7. Opinn aðgangur að íslenskum og tvímála orðabókum.
8. Miðlæg málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla.

Viðurkenningar



Árlega veitir Íslensk málnefnd viðurkenningar fyrir eitthvað sem vel er gert á sviði málræktar eða líklegt er til að efla íslenska tungu. Á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar, sem haldið var 29. september 2022, og bar yfirskriftina *Íslensk tunga og nýir miðlar*, fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu:

Háskólasetrið á Vestfjörðum fyrir hvatningu og stuðning við notkun íslenskrar tungu í almannarými.

Karítas Hrundar Pálsdóttir fyrir sögur á einföldu máli ætlaðar byrjendum í íslensku.

Á myndinni eru talið frá vinstri: Ármann Jakobsson, formaður Íslenskrar málnefndar, Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, Hrund Þórarins Ingudóttir, sem tók við viðurkenningu fyrir hönd Karítasar Hrundar Pálsdóttur, dóttur sinnar og Peter Weiss sem veitti viðurkenningu móttöku fyrir hönd Háskólasets Vestfjarða.



Lilja Alfreðsdóttir

Ávarp menningar- og viðskiptaráðherra

Kæra málnefnd, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og góðir gestir. Það er heiður að vera boðið að opna málrættarþing hér í Þjóðminjasafni Íslands í dag.

Íslensk tunga stendur á krossgötum móts við bjarta framtíð eða menningarlegt stórtjón ef ekki er staðið vel að málefnum hennar. Íslenskan stendur frammi fyrir tæknibreytingum og samfélagsbreytingum. Í stað þjóðrækt og afturhaldssemi er nú nauðsynlegt fyrir íslenska tungu að standast tímans tönn með því að aðlagast með þjóðinni og nýjum málhöfum að fjölbreyttu heimssamfélagi. Fjölmennarlegt samfélag, stafræn bylting og kröfur íbúa landsins til tungumálsins og þeirrar þjónustu sem hægt er að fá á íslensku þurfa að vera leiðarljós stjórnvalda við stefnumótun og aðgerðir í þágu íslenskunnar á næstu árum.

Margt hefur áunnist á síðastliðnum árum þökk sé þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem samþykkt á Alþingi í júní 2019 og aðgerðaáætlun sem henni fylgdi. Meginmarkmið hennar var að íslenska væri notuð á öllum sviðum samfélagsins, íslenskukennsla og menntun yrði eflað á öllum skólastigum og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi yrði tryggð.

Stjórnvöld ætla sér stóra hluti í málefnum íslenskunnar. Ráðgert er að leggja fram þings-

ályktunartillögu um aðgerðir í þágu íslenskrar tungu fyrir árin 2023–2025 á næsta vorþingi.

Á næstu misserum verða áherslurnar þrenns konar:

Í fyrsta lagi verður að auka aðgengi að íslensku fyrir þá sem þurfa á því að halda. Íslenskan er fyrir alla óháð aðstæðum þeirra sem kjósa að setjast hér að. Ísland er fjölmennarlegt samfélag og með auknu aðgengi að íslenskunámi verðum við sterkari heild. Tryggja þarf aðkomu allra ábyrgðaraðila svo rétta fólkið, hvort sem það er í menningar-, félag-, atvinnu- eða menntamálu, hafi íslenskuna í forgrunni og auki aðgang almennings að henni. Umræðan á heima hjá okkur öllum því að hún er menningarleg og samfélagsleg ábyrgð okkar allra.

Í öðru lagi þarf íslenskan að vera í fyrsta sæti í almannarými. Heyranleiki og sýnileiki íslenskunnar er grundvöllurinn að því að við sem hér búum og gestir sem koma kynnist íslensku samfélagi á forsendum íslenskunnar. Íslenskan þarf því að heyrast og sjást fyrst áður en við tökum upp önnur tungumál til að skilja hvort annað. Afla þarf upplýsinga um viðhorf almennings til tungumálsins og annarra mála. Áætlað er að taka árlega stöðu íslenskunnar og bregðast við, í samráði við íslenska málnefnd. Íslenskan á líka sinn eigin dag, dag íslenskrar tungu, 16. nóvember næstkomandi.

Farið verður í aukna vitundarvakningu á málefnum íslenskunnar á þeim degi og í kringum hann.

Síðast en ekki síst, er það hjartans mál að við getum talað við tækin okkar á íslensku. Aðgerðir íslensku þjóðarinnar hafa verið til fyrirmyndar fyrir aðrar þjóðir þegar kemur að máltækni og höfum við hvergi staðar numið. Nú þegar innviðaupbyggingu er lokið og við höfum gagnagrunna, málheildir, raddsyni, upptökur og orðasöfn er það fyrirtækja og stofnana að taka af skarið og nýta sér tólin í sínu starfsumhverfi, almenningi og íslenskunni til hagsbóta. Hvort sem um er að ræða rauntímatextun sjónvarpsefnis, þýðingarvélur á milli íslensku og

ensku eða talgervilsraddir fyrir blinda og sjónskerta, þá erum við þegar komin með tól og tæki sem fyrirtækjum og stofnunum ber að taka upp á arma sína og nýta til fullnustu.

Fyrir liggja tillögur að málstefnu 2021–2030 frá Íslenskri málnefnd. Brýnt er að forgangsraða þeim tillögum, aðgerðabinda og magntaka svo rétta fólkið sé á réttum stað fyrir hverja aðgerð í þágu íslenskunnar. Þannig næst mesti árangurinn í því sífelluverkefni sem íslenskan er. Allir þurfa að koma að borðinu. Íslenskan er ekki bara á ábyrgð stjórnvalda og stofnana heldur verða allir sem vettlingi geta valdið að bera íslenskuna í brjósti sér.



Allt á einum stað

Á degi íslenskrar tungu fyrir sex árum opnaði forseti Íslands vefgáttina málið.is þar sem allir lykilgagnagrunnar um nútímamálið á hendi Árnastofnunar voru tengdir saman sem töldust nýttast almennum málnotendum. Markmiðið var að einfalda leit notandans í orðafjárjódunum og fyrirmyndina að einni gátt fundum við í sproget.dk, að breyttu breytanda. Þar sem allt er á einum stað. Lengst af hafði þessum gögnum verið miðlað á aðgreindum vefsíðum, svo að notandi hafði þurft að fletta upp á mörgum stöðum en draumurinn um eina vefgátt fyrir orðfræðigagnagrunna, málfarsráðgjöf og orðabankann hafði vaknað nokkrum árum fyrr.

Skemmst er frá því að segja að þessari nýju þjónustu Árnastofnunar hefur verið tekið fagnandi. Við gerðum könnun á notkun gagna og þjónustu okkar á síðasta ári og kom í ljós að málið.is er langvinsælasta gáttin og það sem meira er, sá hópur sem notar hana best og jafnast er yngri kynslóðin.

Við byrjuðum með sjö gagnasöfn sem sneru aðallega að almennri málnotkun en fyrir ári síðan stækkaði Málið umtalsvert og geymir nú níttján gagnasöfn, þar með talið tvímálaorðabækur fyrir öll Norðurlandamálin sex (þó ekki samísku eða grænlenku) og frönsku, sem gagnast bæði þeim sem læra tungumálið og skrifa á öðrum málum, og þar eru einnig sögulegar orðabækur og hin vinsæla Orðabók háskólans eða Ritmálssafnið sem sýnir notkunardæmi í seinni alda ritum.

Það eru margvíslegar áskoranir fólgnar í því að gera gögn, sem oftar en ekki eiga upphaf sitt í rannsóknar- eða máltækni-verkefnum, aðgengileg fyrir almenning. Mig langar að nefna nokkrar.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja stöðuga uppfærslu gagna og strangt gæðaeftirlit. Gagnagrunnar verða fljótt trúnaðir og úreltir ef ekki er unnið stöðugt í þeim og tungumálið breytist hratt. Þessi faglega vinna er undirstaða þess að hjálpartækin séu traustsins verð og nýtileg fyrir hinn almenna notanda. Þessi gæðavitund er undirstaðan. Við klárum ekki gerð eða miðlun gagna í eitt skipti fyrir öll; t.d. eru orðabækur okkar í stöðugri uppfærslu sem og beygingarlýsingin og málheildir. Það er lögbundið hlutverk Árnastofnunar að standa þessa vakt.

Í öðru lagi þarf að gera gögnin svo úr garði að almennur notandi hafi gagn af þeim og þau séu ekki sett fram á of flókinn hátt. Það þarf sem sé að skilja á milli rannsóknargagna og miðlunar þeirra til fræðimanna, og síðan hjálpartóla sem ætluð eru almenningi. Fræðimenn finna það sem þeir leita að en almennur notandi, sem leitar stöku sinnum að upplýsingum, vill kannski bara fletta upp orði eða beygingu, hefur ekki tíma í grúsk, heldur þarf að finna afdráttarlaus svör strax. Þetta getur verið áskorun fyrir rannsóknarstofnun eins og Árnastofnun en við höfum ríka skyldu samkvæmt lögum að miðla og að veita almenningi ráðgjöf hvað varðar íslenska tungu – og þá skyldu tökum við mjög alvarlega.

Í þriðja lagi er áskorun fyrir fræðimenn að setja sig í spor notenda sinna, ekki síst yngri kynslóðar sem hrærist mikið til í stafrænum veruleika. Miðlun lukkast ekki nema viðmót sé sífellt uppfært og endurhannað sem aftur kallar á fjárfestingar. Í símiðlun nútímans er ríkari krafa á ferskleika í viðmóti, eins og við sjáum bara af sífelltri endurnýjun heimasíða. Við þurfum þess vegna stöðugt að vera á tánnum hvað miðlun varðar, koma upplýsingum inn í símana og inn í samfélagsmiðla þar sem unga fólkið – en einnig þeir innflytjendur sem við viljum ná til – hrærast. Það þarf þannig að greina viðtökuhópin og samskipti innan hans og allar þær breytingar sem verða í upplýsinganeyslu – ef svo má að orði komast. Af þeim sökum var t.d. mjög mikilvægt fyrir stofnunina að láta kanna notkun gagnagrunnanna af Félagsvísindastofnun síðasta vetur.

Í fjórða lagi er slík framsetning og miðlun kostnaðarsöm og hefur reynst Árnastofnun mikil áskorun, ekki síst á árunum eftir hrun. Fjárhagslega þáttinn má því alls ekki vanmeta. Við höfðum lengi engan forritara innanhúss sem gat sinnt slíkum verkefnum og unnið beint með rannsóknarfólkinu en nú hefur hagur okkur batnað og um leið hefur miðlunin gjörbreyst. En við njótum líka góðs af ytri stuðningi til einstakra verkefna en þar hefur orðið bylting. Innviðasjóður sem var hugvísindum áður nær lokaður, hefur nú verið eflur mjög og styður við uppbyggingu gagnagrunna. Þannig höfum við getað gert nýjar útgáfur og uppfærslur af mörgum vinsælustu gagnagrunnunum, eins Beygingarlýsingunni. En fyrst og fremst hefur fyrsta umferðin í Máltækniáætluninni gert okkur kleift að stórefla ýmis hjálpartæki og búa til nýjar og spennandi lausnir sem við viljum miðla í samhengi við þær sem fyrir eru.

Við lifum ótrúlega spennandi tíma og margar afurðir máltækniáætlunarinnar þurfa að komast milliliðalaust til almennings en aftur þurfum við að hugsa um miðlun á þeim og að þessi nýju tæki séu örugglega notuð og nýtt. Við bættum við sögulegum gögnum á malið.is á síðasta ári fyrir hvatningu frá Íslenskri málnefnd en hún hafði

einmitt ályktað í þá veru. Við höfum einnig getað gert *Blöndalsorðabókina* stafræna og leitarbæra sem er grundvallarorðabók fyrir íslenska tungu, ekki aðeins fyrir fræðimenn heldur ýmsa málnotendur, jafnvel þó að hún sé orðin hundrað ára. Við erum núna að vinna að nýjum tvímálaorðabókum, t.d. fyrir íslensk-ensku og íslensk-pólsku. Og svo mætti áfram telja. Stundum finnst okkur lítið gerast og ávinnast og við skiptum hratt niður í kvartgírinn en ég staðhæfi að það hefur orðið bylting í miðlun á hjálpartólum fyrir íslenska tungu og í sköpun nýrra á síðustu fimm árum og meðvitund samfélagsins orðin allt önnur. Ráðherra á miklar þakkir skildar fyrir að tala skýrt um þessi mál á síðustu árum.

Og kem ég þá að fimmta atriðinu. Það er ekki nóg að búa til fallega og vel hannaða gagnagrunna eða máltækniól, það er áskorun að koma hjálpargögnum alla leið inn í síma og tölvu notenda og kenna á þau. Að koma þeim inn í takkana í tölvunni og í öpp, svo að allt þetta efni sé notað um leið og við skrifum og tölum. Kynningarherferðinni lýkur nefnilega aldrei. Mestu skiptir að koma gögnunum til nemenda í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum, til innflytjenda og einnig þeirra sem eru hér um lengri og skemmri tíma. Og einnig til eldri notenda, sem eru kannski ekki eins handgengnir tækjunum. Inn í allt afþreyingarefnið, sjálfvirk þjónustuver af ýmsu tagi, heilsutækni o.s.frv. Miðlunin þarf að vera á forsendum ólíkra notenda, á þeim samfélagsmiðlum sem þeir nota og í þeim rafrænum heimum sem þeir hrærast í. Kynning og gerð kynningarefnis kostar fé og mannafla en ekki síður þekkingu og næmi fyrir hinu síkvika umhverfi sem við lifum í. Það er samstarfsverkefni okkar allra.

Við, þ.e. Árnastofnun, háskólarnir, Blindrafélagið og fyrirtæki, stofnuðum Almanaróm fyrir meira en tíu árum til að hvetja til fjárfestinga í máltækni, og bjuggum þá til einstakan samstarfsvettvang sem hefur orðið forsenda þess að fyrsta máltækniáætlunin, sem nú er á enda runnin, hefur heppnast eins vel og raun ber vitni. Við höfum lært að vinna saman, að gefa og þiggja og þetta trausta samstarf er forsenda þess að við, þá meina ég við öll, komum öllu þessu nýja efni alla leið, kynnum það hvar sem færi gefst. Stofnanir og háskólar – í samvinnu við atvinnulífið.

Allt á einum stað er lykillinn.

Nú er rétti tíminn til að taka enn stærra skref – og setja í fluggírinn ef svo má segja – safna saman öllu því efni á einn stað sem kemur málnotendum að gagni, ekki aðeins hjá Árnastofnun, heldur hvar sem gæðagögn finnast. Almennarómur hefur lagt fram tillögu um að stórefla [málið.is](http://malið.is) – að gáttin verði þar sem allt verður á einum stað. Málið.is er hlutlaust svæði og allt sem þar inni er opið og ókeypis. Það er mikið hagræði í því að notandinn geti fundið allt sem tengist íslenskri tungu á einum stað. Gáttin er með opnu aðgengi og því mikilvægur

hluti íslenskunáms barna, unglunga og þeirra sem hafa íslensku sem annað mál, en einnig allra sem rita og tala íslenska tungu. Þar verði opnar orðabækur sem standast gæðakröfur og nýtast málnotendum, hagnýtar og nýjar ókeypis máltæknilausnir á borð við yfirlestur.is og velthyding.is ásamt öðrum afurðum máltækniáætlunar.

Ég vona að þessi draumur geti orðið sem fyrst að veruleika!

Takk fyrir!



Anna Sigríður Þráinsdóttir

Stælgæinn

Miðlæg málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla

Oft er spurt hvort ekki sé málfarsráðunautur við störf hjá Ríkisútvarpinu. Það er góð spurning og vinsæl á samfélagsmiðlum. Hún er til dæmis borin upp þegar loftárásur og flugskeytaárásur er óvart slegið saman svo úr verður loftskeytaárás. Og þegar einhver meinloka hleypur í fréttamann svo hann velur orðatiltæki sem merkir andstæðu þess sem hann ætlaði að segja. Það gerðist til dæmis þegar einn þeirra sagði að nú yrðu allir að leggja árar í bát í stað þess að segja að nú yrðu allir að leggjast á árar eins og hann ætlaði að gera. Oftast er þessi spurning þó borin upp ef það slæðist villa, eða meint villa, inn í fyrirsögn eða ef dagskrárgerðarfólk beygir vitlaust eða ef viðmælendur sletta. Sérstaklega þykir ófyrirgefandleg að starfsfólk RÚV sletti.

RÚV er raunar með málfarsráðunaut og meira að segja heila deild með nokkrum málfarsráðgjöfum, í tæplega tveimur stöðugildum, auk ráðunautarins. Þessi deild kemst engan veginn yfir að lesa allt sem sent er út í útvarpi og sjónvarpi og birt á vef. Þar að auki er ekki allt skrifað niður og undirbúið sem sagt er í útvarpi og sjónvarpi og það er ekki heldur hægt að fylgjast með öllu sem sent er út. Engu að síður býr starfsfólk RÚV svo vel að hafa aðgang að málfarsþjónustu, sem innanhúss er í daglegu tali kölluð málfar, og við frágang fréttar, þáttahandrita, vefvæðingar og þess háttar er oft spurt hvort búið sé að senda textann í málfar. Ekki eru allir fjölmiðlar svona vel settir þótt einhverjir séu það. Prófkalesarar eru

ekki lengur á öllum miðlum þótt þeir séu vissulega sums staðar og þótt sumir miðlar vildu eflaust bjóða starfsfólki sínu upp á slíka þjónustu hafa þeir ekki endilega fjárhagslegt bolmagn til þess eða þá að þeir kjósa að verja ráðstöfunarfé sínu öðru vísi.

Rafrænar bjargir og lifandi málfarsráðgjöf

Ýmis rafræn yfirlestrartól hafa komið fram á undanförunum árum, svo sem Skrambi, og Yfirlestur.is, sem lesa yfir texta og stinga upp á leiðréttingum. Þau laga innsláttarvillur svo sem stafavíxl og sumar beygingarvillur og stinga stundum upp á bættu orðalagi. Ritvinnsluforrit eru líka með yfirlestrar- og leiðréttingarviðbótum. Sumir fjölmiðlar hafa þegar tengt vefkerfi sín við þessi tól enda eru þau afar gagnleg. Starfsfólk Ríkisútvarpsins notar þau mjög mikið og það sama á vafalaust við um starfsfólk á öðrum fjölmiðlum, hvort sem vefmiðlar eru tengdir við þau eða ekki, enda er vandfundin sú fjölmiðlamanneskja sem er sama um íslensku og meðferð sína á málinu. Þau vilja öll vanda sig og gera eins vel og þau geta. Þessi yfirlestrartól, sem eru afrakstur mikillar máltæknivinnu, eru alveg ómetanleg. Það sama má segja um gátt eins og málið.is, sem veitir aðgang að hafsjó af fróðleik um íslenskt mál. Við málfarsráðgjafarnir á RÚV notum þessi tól okkur til gagns og upplýsingar og eins samstarfsfólk okkar og starfsfólk annarra fjölmiðla. Og ég vil nota tækifærið, fyrst Guðrún Nordal

forstöðumaður Árnastofnunar er hér, og þakka kærlega fyrir [málið.is](http://malið.is). Ég held að ég sé svokallaður stórnotandi eins og er talað um í virkjanabransanum.

Öll þessi tól, þótt góð séu, koma ekki í staðinn fyrir málfarsráðgjafa. Þau greina ekki nema að hluta til uppbyggingu texta eða framsetningu og stíl. Þau reka sig til dæmis ekki á alla ofnotkunina og þau fylgjast ekki með útvarps- og sjónvarpsútsendingum. Þau segja ekki við útvarpsfólkið að það hafi heldur betur sagt „heldur betur“ allt of oft í þættinum sínum eða við fréttamanninn að það fari ekkert mjög vel á að nota frasann „um er að ræða“ í fréttum, það lengi málið og orðalagið verði ekki eins hnitmiðað. Þá taka tólin ekki umræðu um hvort það sé í lagi að 25 ára gamlar konur séu kallaðar stúlkur en ekki konur, sem er rík tilhneiging, þótt engum detti í hug að kalla 25 ára menn pílta eða drengi. Þeir eru kallaðir karlar eða menn. Þau benda ekki heldur á að kenninöfn erlendra karla eru frekar notuð en eiginnöfn þeirra en á hinn bóginn sé ríkari tilhneiging til að nota eiginnöfn erlendra kvenna en kenninöfn þeirra. Þetta eru fáein dæmi um þau fjölmörgu viðfangsefni sem málfarsráðgjafar fá inn á borð hjá sér á hverjum degi. Í krafti stærðarinnar búa málfarsráðgjafar RÚV svo vel að geta rætt málið og komist saman að niðurstöðu því að þeir eru nógu margir til að gagnlegar umræður geti skapast. Þetta er sem sagt umhverfið sem starfsfólki Ríkisútvarpsins er búíð. Þegar fólk kemur til starfa hjá RÚV eftir að hafa unnið á öðrum miðlum hefur það oft orð á hvað það sé mikill lúxus að eiga kost á svona þjónustu. Þó á þetta ekki að vera lúxus heldur partur af því að skrifa texta og birta hann eða flytja.

Hvers vegna er þetta til umræðu á Málræktarþingi? Jú, vegna þess að málfarsdeildin hjá RÚV vill að fleiri fái að njóta. Á Ríkisútvarpinu hefur verið málfarsráðunautur frá 1984, í 38 ár. Á þeim tíma hafa safnast saman ókjör af fróðleik, upplýsingum og leiðbeiningum um íslenskt mál og meðferð þess. Þegar ég tók við starfinu kom fólk til mín, eitt af öðru, til að bera upp þá ósk að ég setti saman handbók um málnotkun, svokallaðan *style guide* eins og það kallast á ensku. Þau vildu fá eitthvað sambærilegt við *AP-Stylebook frá Associated Press* sem er ein þekktasta

málfarshandbókin fyrir enskumælandi fjölmiðlafólk. Þetta er frábært rit en það er á bók og þar liggur vandinn. Ókosturinn við prentaðar handbækur er að sífellt þarf að endurskoða þær, uppfæra og bæta við þær því að mál og málnotkun þróast og breytist á ógnarhraða og þar að auki getur ein bók aldrei náð yfir allt sem þarf að leiðbeina með. Svona bækur þarf að endurskoða oft og endurprenta með ærinni vinnu og tilkostnaði svo það er ekki gert.

Sambærilegar bækur hafa komið út á Íslandi en þeim fylgir sama vandamál, þær hafa ekki verið endurskoðaðar eða uppfærðar. Árni Böðvarsson málfarsráðunautur tók á sínum tíma saman bókina *Málfar í fjölmiðlum* og hann gaf líka reglulega út fréttabréf með málfarsleiðbeiningum fyrir starfsfólk RÚV. Ari Páll Kristinsson gerði slíkt hið sama á sinni málfarsráðunautartíð og gaf út bókina *Handbók um málfar í talmiðlum*. Aðrir málfarsráðunautar sendu tölvupóst, eftir að hann kom til sögunnar, og mikið af honum hefur varðveist. Fjölmiðlafólk á almennum markaði hefur gert svipað, Jónas heitinn Kristjánsson, blaðamaður og ritstjóri, hélt til dæmis úti bloggsíðu um mál og málnotkun í blöðum og heilmikil þekking er auk þess til á ýmsum miðlum. Sjálf nota ég tölvupóst, held fundi og námskeið. Ég nota líka samfélagsmiðla til að koma málfarsábeiningum á framfæri við vinnufélagana og ýmislegt sem við rekumst á í vinnunni verður kveikja að málfarsumfjöllun í útvarpi og annarri miðlum. Allt þetta getur komið að góðum notum í miðlægum gagnabanka um málnotkun í fjölmiðlum og það væri gott að geta haft allan þennan fróðleik, ábeiningar og leiðbeiningar aðgengilegar á einum stað.

Því er það að mig hefur lengi, nánar tiltekið í tíu ár, langað að bregðast við ósk vinnufélaga minna og láta slíkan gagnabanka verða að veruleika en sem fyrr segir hefur af ýmsum ástæðum ekki enn orðið af því. Ég sá auðvitað fljótt að það væri skynsamlegt að slík handbók, eða kannski leiðbeiningar, væru vistaðar á vef sem hægt er að bæta stöðugt við því að það kvikna sífellt nýjar spurningar sem krefjast svara. Málfarsdeildin hjá RÚV er í kjöraðstöðu til að gera þetta, bæði vegna þess að það er heil deild en ekki bara ein manneskja og vegna þess að þar er til

svo mikið efni. Auk þess tel ég að Ríkisútvarpið eigi að miðla öllum þessum fróðleik út í samfélagið og til annarra fjölmiðla og að best væri að gera það í einhvers konar opinni miðlægri málfarsgátt. Það er alls ekki ætlunin að gera lítið úr því sem þegar hefur verið gert. Þetta er allt mikilvægt, yfirlestrartólin, málið.is, og þær handbækur og orðabækur sem til eru á prenti, en að því sögðu er rétt að undirstrika að þarfir fjölmiðlafólks eru sértækar hvað varðar orðaval og stíl, framsetningu og byggingu. Þarfirnar eru mismunandi eftir miðlum og tegund efnis og skilningur og þekking á því er fyrir hendi í málfarsdeild RÚV. Draumurinn er því að taka þennan hafsþjó af efni um málfar í fjölmiðlum, flokka og birta á sérstakri undirsíðu á RÚV.is, okkar eigin stælgæja, sem er vinnuheitið á verkefninu.

Heitið er þannig til komið að þegar þetta verkefni barst í tal var alltaf talað um *style guide*, með vísan í erlendar handbækur af þessu tagi, í staðinn fyrir að nota íslensk orð eins og handbók, leiðarvísi, leiðbeiningar. Ástæðan er sú að *style guide* vísaði í þessa tilteknu tegund af handbók. Í málfarsdeild RÚV vinnur auðvitað fólk sem vill helst tala íslensku og er ekkert mikið fyrir að sletta þótt það hendi auðvitað eins og hjá öðrum. Kristján Sigurðsson, málfræðingur og fyrrverandi málfarsráðgjafi hjá RÚV, tók upp á því að kalla þennan *style guide* stælgæja, með hljóðlíkingu, og það nafn hefur fylgt honum upp frá því. Þess má geta til gamans að elsta dæmið um orðið stælgæi er að finna í Morgunblaðinu árið 1950, í langri grein um námskeið fyrir fiskiðnaðarmenn. Þar, innan um menn á aldrinum 22–60 ára, sem tóku í nefið og snýttu sér svo hátt að þeir yfirgnæfðu fyrirlesarann, var einn stælgæi í bláum gaberðínfötum og með hálsbindi í öllum regnbogans litum. Orðið stælgæi er því komið á átræðisaldur og ætti að hafa öðlast ríkisborgararétt í íslensku en þetta var auðvitað útúrdúr. Stælgæinn verður mjög gagnlegur fyrir starfsfólk RÚV þegar hann kemst í gagnið en það er ekki eini tilgangurinn með honum. Opinn aðgangur að slíkum gagnabanka er fyrst og fremst hugsaður til þess að starfsfólk allra fjölmiðla geti komist í handbók af þessu tagi sem er sérstaklega hugsuð fyrir og sniðin að fjölmiðlum.

Stælgæinn getur vitanlega komið öllum að gagni en hann yrði engu að síður sérstaklega hugsaður fyrir fjölmiðla.

Sannkallaður stælgæi

Lengi vel voru leiðbeiningar um málnotkun settar fram sem umvandani, og það með sérstakri aðferð sem er stundum kölluð „sagt var – rétt væri“. Það er langt síðan þessi aðferð hætti að njóta almennrar hylli og Eiríkur Rögnvaldsson afgreiddi hana snöfurmannalega í bókinni *Alls konar íslenska* með því að bæta við spurningunni, „eða hvað?“ Miðlæg málfarsráðgjöf yrði ekki á því sniði. Það er hægt að setja slíka ráðgjöf fram á svo margvíslegan annan hátt. Það er hægt að setja saman alls konar lista og flokka, skrifa pistla, setja inn upptökur, búa til glærusýningar, möguleikarnir eru ótalmargir. Yfirlestur yrði þó líklega ekki í boði. Alla vega ekki til að byrja með.

Nú er möguleikinn á að hefja þetta starf loksins í auglýsingu. Draumurinn um stælgæjann gæti ræst. Það er hljómgrunnur fyrir því á mikilvægum stöðum í Útvarpshúsinu, svo sem hjá yfirmanni hugbúnaðardeildar og útvarpsstjóra, því að við erum sammála um að sem mest af efni frá okkur eigi að vera opið. Með þessu getum við lagt okkar af mörkum til að styðja frjálsa fjölmiðlun.

Og ég spyr aftur, hvers vegna er ég að tala um þetta hér á Málræktarþingi? Jú, vegna þess að því hefur stundum verið haldið fram að þegar harðnar í ári hjá fjölmiðlum sé byrjað á að sparka prófarkalesaranum. Nema ef enginn er, af því að það er löngu búíð að reka þá alla. Það eru kannski ýkjur en þó er einhver fótur fyrir sögusögnunum. Þá má ekki gleyma því að slæm staða frjálsrar fjölmiðlunar hefur verið í brennidepli. Ráðherra fór meira að segja í sérstakar aðgerðir til að styrkja stöðu þeirra. Hjá Ríkisútvarpinu er lítið svo á að öflug frjáls fjölmiðlun sé nauðsynleg fyrir samfélagið. Og fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu er öflug fjölmiðlun á íslensku hrein nauðsyn. Með miðlægri málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla sem er öllum opin að kostnaðarlausu er hægt að skjóta einni stoð undir fjölmiðlun á íslensku. Ríkisútvarpið er í aðstöðu til að koma á fót slíkri þjónustu og viðhalda

henni. Auk þess hefur það lagalega skyldu til að leggja rækt við íslenska tungu. Og þetta er ein leið af mörgum til að uppfylla þá skyldu. Vinnan er hafin, hún er ekki langt komin, en hún er hafin. Þetta er stórt verkefni og krefst mannafla og ég get ekki tekið neitt af mínu starfsfólki út úr öðrum verkefnum til að

sinna þessu eingöngu, eins og ég þyrfti að gera. Svo ég þarf mannskap og ég er ekki búin að fjármagna þá viðbót í minn hóp. En við erum að taka fyrstu skrefin og vonandi verður þess ekki langt að bíða að afraksturinn birtist og verði aðgengilegur öllu fjölmiðlafólki á landinu.



Jón Gunnar Þorsteinsson

Alfræðiorðalækningar og örgjörvar

Um alfræðiefni á netinu

Hefðbundin alfræðirit eru verk þar sem búið er að safna saman fróðleik um tiltekin efnisatriði.¹ Í þeim er síðan hægt að glöggva sig á stöðu þekkingar á hinum ýmsu sviðum, á skömmum tíma, eða eins og segir um organistann í *Atómstöðinni*: „ég man hann sagðist ætla að geyma sér stríðsfréttirnar þángað til eftir tuttugu ár að hægt væri að lesa alt stríðið á tveim mínútum í alfræðibók.“²

En hvað er alfræðiefni og af hverju taka menn það saman? Í einu þekktasta alfræðiriti allra tíma er fjallað um þetta. Höfuðrit upplýsingarstefnunnar og fyrirrennari nútíma alfræðiverka kallast fullu nafni *Alfræðirit og vel skipulögð orðabók um vísindi, listir og iðngreinar* (fr. *Encyclopédie, ou dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*). Það kom út í um 30 bindum og innihélt um 70 þúsund greinar. Annar tveggja ritstjóra verksins, franskir heimspekingurinn Denis Diderot (1713–1784), skrifaði sjálfur langa færslu um „alfræði“ í fimmta bindið. Hann segir hlutverk alfræðinnar á þessum tímamarki í sögunni vera að safna saman á einn stað allri þeirri þekkingu sem liggur á víð og dreif um veröldina. Sé ekkert að gert verður slík samantekt nefnilega nær óvinnandi verk sem ekki er hægt að leggja á komandi kynslóðir.³

Alfræðirit frönsku upplýsingarstefnunnar, eins og Diderot lýsir því, var viðbragð við þeim mikla þrótti sem hljóp í vísinda- og fræðistörf með upplýsingarstefnunni og þeirri látlausu framleiðslu á þekkingu sem hófst með prentöld. Fyrir þann tíma, segir Diderot, fékkst fámennur hópur við skapandi fræðistörf og annar stærri hópur skrifaði upp og afritaði þekkinguna. Þetta breyttist með tilkomu prentmenningar og hættan, sem Diderot segir blasa við, er að í framtíðinni muni sumir verða afhuga öllum lestri og sökkva sér þess í stað eingöngu ofan í nýjar rannsóknir eða öllu heldur það sem þeir telja vera nýjar rannsóknir. Þar sem þeir hafa ekki tök á að lesa og kynna sér allt sem þegar hefur verið rannsakað, þá vita þeir í raun lítið um það hvort þeirra eigin rannsóknir séu nýjar af nálinni eða ekki. Á hinn bóginn mun enn stærri hópur manna koma engu í verk nema að fletta í gegnum nær takmarkalaust útgefið efni, í því skyni að greina hvað er nógu markvert til að taka saman í safnrit til varðveislu um hin ólíku svið þekkingar.

Framtíðarsýnin sem Diderot varar við er að það verði jafn seinlegt að finna þekkinguna í aragrúa útgefna rita og að uppgötva hana í veröldinni allri. Svárið við vandanum er alfræðibókin, ekki

1. Þessi grein var upprunalega flutt sem erindi á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar 29. september 2022.

2. Halldór Laxness. *Atómstöðin*. Reykjavík: Helgafell, 1948, bls. 56.

3. Sjá m.a. hér: Denis Diderot. *Encyclopédie*. Þýð. Philip Stewart. Kom fyrst út á frönsku 1755.

URL: <http://hdl.handle.net/2027/spo.did2222.0000.004> (skoðað 17.10.2022).

þó sem eftirmynd af veruleikanum heldur sem framsetning á virkum lesháttum sem jafnvel geti ögrað hefðbundnum hugsanagangi og viðmiðum.

Tveir af þessum virku lesháttum voru nýjungar sem ruddu sér til rúms í alfræðiverkum frá og með fyrrihluta 18. aldar, það er *stafrófsröð efnisatriða*, fengin úr orðabókum, og *millitilvísanir* þar sem tiltekin færsla vísar lesendum á aðrar færslur sem gætu tengst umfjöllunarefninu.⁴ Alfræðirit frá og með þessum tíma eru ekki ætluð til línulegs lesturs heldur eru þau upppláttarrit þar sem stafrófsröðin vísar lesandanum á þá síðu sem hann þarf á að halda og svo er hægt að halda lestrinum áfram þvers og kruss um ritið eftir millitilvísunum. Markmið Diderot var meðal annars að virkja lesandann sem nú gat sjálfur tengt saman efnisatriði og hugmyndir sem engum hafði ef til vill áður dottið í hug að mætti tengja.

En hvað þá með alfræðiefni á netinu? Í raun mætti segja að alfræðibók frönsku upplýsingarstefnunnar og lesháttur hennar sé eiginleg fyrirmynd efnis á veraldarvefnum. Hornsteinn veraldarvefsins er það sem kallast á ensku *hypertext* (hýpertexti, ofurtexti, völundartexti eða stiklutexti eru nokkrar íslenskar þýðingar á orðinu). Hugtakið kom fyrst fram árið 1965 og raungerðist í einni mynd árið 1991 þegar veraldarvefurinn varð til.⁵ Hýpertexti er einfaldlega texti sem tengist öðrum textum með hlekkjum, það er að segja með stafrænum millitilvísunum.⁶ Hýpertextinn býður upp á að allt efni sé samtengt eða samofið og þaðan kemur myndlíkingin um veraldarvefinn.

Einn grundvallarmunur er á millitilvísunum í bók og millitilvísunum á veraldarvefnum: Millitilvísanir í bók eru bundnar við bókina sjálfa eða mesta lagi nokkur bindi í fjölbinda verki en á vefnum geta

millitilvísanir fíkrað sig inn í hvaða aðra opna vefsíðu sem finnst á veraldarvefnum. Netið mætti kalla alfræðiorðabók á sterum!

Möguleikinn á að flakka nær endalaust um veraldarvefinn eftir millitilvísunum er þess vegna til staðar. Það er hins vegar ekki endilega gagnlegt ef menn eru á höttunum eftir tiltekinni þekkingu. Þá væri veraldarvefnum best lýst sem endalausri prentaðri bók þar sem stafrófsröðin hefði gleymst og greinum væri raðað handahófskennt um ritið. Með tilkomu leitarvéla fæst ígildi stafrófsröðunar alfræðiritanna inn í þann aragrúa skjala og gagna sem fyrir liggja á netinu. Flestar leitarvélarnar grundvallast á kjarnaatriði vefsins, það er að segja hýpertextanum.⁷ Til að búa til leitarvél þarf aðeins að gefa hópi tölva upp nokkrar vefsíður. Tölvurnar rekja sig síðan eftir stiklutexta á fyrstu síðunum inn á fleiri síður og þannig koll af kalli þangað til allt safnið er kortlagt. Um leið sést einnig að ýmislegt efni á netinu finnst ekki með leitarvélum vegna þess að engar aðrar síður vísa á það. Þess háttar vefsíðum mætti lýsa sem köflum eða færslum í bók sem hvergi kemur út. Að verki loknu laumast höfundurinn með færslurnar inn á næsta bóksafn og felur þær í hillum eða inni í öðrum bókum. Afar ólíklegt er að nokkur rekist á slíkt efni nema þá fyrir algjöra tilviljun.

Hugmyndin að baki veraldarvefnum grundvallast á nútíma alfræðiorðabókum frá og með upplýsingarstefnunni og einnig þeim leshætti sem þær bjóða upp á. Þannig að ef ég ætti að svara í stuttu máli spurningunum Hvar er íslenskt alfræðiefni á netinu og hvernig ratar það til lesenda? þá er svarið einfaldlega þetta: Allt íslenskt efni á netinu getur í eðli sínu verið alfræðiefni ef það er framsetning á þeirri þekkingu sem lesandinn sækist eftir og hægt er að finna það með aðstoð leitarvéla.

4. Sjá: Daniel Rosenberg. „An Eighteenth-Century Time Machine: The “Encyclopedia” of Denis Diderot“. Í: *Historical Reflections / Réflexions Historiques* 25.2 (1999). URL: <http://www.jstor.org/stable/41299144> (skoðað 17.10.2022), bls. 244–5.

5. George P. Landow. *Hypertext: The Convergence of Contemporary Critical Theory and Technology*. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1992, bls. 14.

6. Sjá skilgreiningu á hugtakinu á fyrstu vefsíðu veraldar sem sett var upp í Evrópsku öreindarannsóknastöðinni í CERN í Sviss: Tim Berners-Lee. *World Wide Web*. 1991. URL: <http://info.cern.ch/hypertext/WWW/TheProject.html> (skoðað 17.10.2022).

7. Sjá m.a. í frumdrögum að Google-leitarvélinni: Sergey Brin og Lawrence Page. „The anatomy of a large-scale hypertextual Web search engine“. Í: *Computer Networks and ISDN Systems* 30.1 (1998). URL: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S016975529800110X>, bls. 108–9.

Við erum á þeim stað í sögunni að aragrúi almenns efnis á veraldarvefnum, vaxandi fjöldi opinna stafrænna gagnasafna, tímarita, bóka, handrita og fleira í þeim dúr, gera upplýstum lesendum mun auðveldara en áður að viðað sé því efni sem þeir þurfa á að halda. Ekki er þó alltaf víst að efnið sé á því sniði sem við eigum að venjast úr venjulegum alfræðiritum. Sumu af því má frekar lýsa sem drögum að færslum sem á eftir að fullvinna og færa í réttan búning. Þannig getur efnið, og jafnvel aðferðirnar til að finna það, gert ríkar kröfur til lesenda sinna og beinlínis stundum kallað á sérfræðiþekkingu. Svo er vitanlega ýmislegt alfræðiefni á netinu ekki tiltækt á íslensku heldur aðeins á öðrum málum. Íslenskur málnotandi þarf þá að þýða efnið ef það á að koma honum og öðrum að einhverju gagni á íslensku. Ekki er víst að allir hafi getu til þess. Sumir gætu þá þurft að reiða sig á vélrænar þýðingar sem finnast á netinu, eins og til dæmis þessa hér úr þýsku, um alfræðiorðabók Diderot og félaga:

(alfræðiorðabók eða vel ígrunduð orðabók vísinda, lista og handverks) er franskt alfræðiorðabók, sennilega frægasta alfræðiorðabókin eins og henni er skilið í dag. Það var stofnað undir ritstjórn Denis Diderot og Jean Baptiste le Rond d'Alembert og inniheldur innlegg frá hinum 142 örgjörvunum, sem kallast alfræðiorðalækna.⁸

Þess vegna er nú, engu að síður en á tímum upplýsingarstefnunnar, nauðsynlegt að auka og styðja við birtingu á vönduðu alfræðiefni – og í þeim miðli sem beinlínis er til þess hannaður. Alfræðiefni á netinu á íslensku, ræktar og nærir íslenskt málsamfélag í víðustu merkingu þess orðs. Það kemur notendum af holdi og blóði að gagni og skiptir einnig máli fyrir örgjörvana sem framleiða vélrænar þýðingar með máltækni. Aðgengilegt alfræðiefni auðveldar yngri lesendum og fróðleiksfúsum almenningi að viðað sé þekkingu og um leið að tala, skrifa og hugsa um hana á íslensku. Samantekt á alfræðiefni er enn fremur heppileg leið fyrir þá sem hafa aflað sér sérfræðimenntunar til að miðla sínum fræðum á íslensku. Tækin og tólin til að vinna verkið eru til staðar. Við þurfum bara fleiri alfræðiorðalækna!



8. Wikiscuba. Encyclopédie ou Dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers. Vélræn þýðing úr þýsku á íslensku.

URL: https://wikiscuba.com/wiki/Encyclop%C3%A9die_ou_Dictionnaire_raisonn%C3%A9_des_sciences_des_arts_et_des_m%C3%A9tiers (skoðað 17.10.2022).

Kristján B. Jónasson

Lítt kunnar bækur – nú aðgengilegar í öllum símum

Stafræn endurgerð höfundarréttarvarinna texta á
íslensku og miðlun þeirra í þjóðaraðgangi

Rétt nærri fjórir áratugir eru nú liðnir frá því að útgáfa íslenskra texta varð stafræn. Viðtakendur sáu þó textana sjaldan í stafrænni mynd. Yfirleitt birtust þeir sem fjöldaframleidd vara, prentuð á pappír. En þegar um miðjan níunda áratug tuttugustu aldar grundvallaðist prentun á því að textum væri komið á stafrænt form þótt tilgangurinn væri að síðustu að búa til úr þeim afurð úr pappír. Allir sem veltu fyrir sér miðlun upplýsinga á þessum tíma skildu þó strax að birtingarmynd vörunnar, hin prentaða bók eða blað, heyrði brátt sögunni til og að aðrar leiðir til að miðla upplýsingum kæmu til skjalanna. Hvenær það myndi gerast og hvernig var ekki ljóst, en að því hlyti að koma.

Tæknibreytingar sem umbylta gamalkunnum fyrirbærum kalla fram margs konar kenndir, oftast þó í aðalatriðum kenndir andspyrnu og íhaldssemi og hins vegar bjartsýni og uppljómunar – þorsta eftir hinu nýja. Í upphafi jólabókavertíðar 1985 tók *Þjóðviljinn* viðtal við Þórarinn Eldjárn sem um þær mundir sendi frá sér sagnasafnið *Margsaga*. Bókina gaf hann út sjálfur á vegum eigin útgáfu, Gullbringu, og eitt af því sem hann gerir að umtalsefni í spjalli sínu við blaðamann er hvernig stafræn tækni hafi

gert honum léttara að vinna sjálfur að frágangi bókarinnar til útgáfu. Bókina hafi hann því ekki aðeins samið beint á tölvu – sem var slík nýjung að blaðamaður undrast það – heldur einnig unnið að umbroti hennar og uppsetningu: „Ég sem núna beint inná diskettu ... Prentsmiðjan gefur svo upp ákveðinn kóða fyrir gæsalappir og slíkt ... Þar með er bókin tilbúin í spalta. Þetta sparar mikinn tíma og mikla vinnu.“ (*Þjóðviljinn* 30.10.1985, bls. 9.) Vangaveltur um hvernig mætti síðan færa frumsköpun í stafrænni tækni, líkri þeirri sem Þórarinn lýsir, til viðtakenda sinna á stafrænan hátt áttu svo eftir að einkenna alla umræðu um útgáfu og miðlun texta þaðan í frá og gera enn.

Tíu árum eftir viðtalið við Þórarinn Eldjárn birtist í *Þjóðviljanum* var Internetið komið til skjalanna. Nú var tæknilega mögulegt að miðla texta frá einu stafrænu tæki til annars hvar sem er í heiminum án milligöngu setjara, prentara og bókbindara, bóksala eða útgefanda. Eitt af því fyrsta sem netið gagnaðist til var að aðstoða þá sem nýta sér bóka- og heimildasöfn. Á netinu mátti finna heimildir, leita uppi texta og upplýsingar og raða þeim saman að eigin vild. Um leið kallaði þessi nýja tækni á að

brugðist yrði sem hraðast við að koma upplýsingum sem áður höfðu verið prentaðar á stafrænt form og reynt yrði að nýta þá texta sem væru stafrænir til miðlunar á sínu kjörformi.

Hér gerði bjartsýnin sig rækilega heimakomna eins og sjá mátti af oft hátimbruðum lýsingum á möguleikum upplýsingasöfnunar og upplýsingamiðlunar sem ný tækni biði upp á. Á árunum fram að aldamótum virtist það ekki nema spurning um fáein ár til eða frá uns megnið af texaarfi heimsins yrði aðgengilegur á stafrænan hátt. Á þessum tíma koma fyrst fram hugmyndir um að íslenskur prentarfur yrði að vera aðgengilegur almenningi og búa þurfi þannig um hnútana að honum sé miðlað á stafrænan hátt. Landsbókasafn – Háskólabókasafn hafði nú möguleika á að miðla textum stafrænt og hinum stóru verkefnum sem síðan hafa einkennt starf safnsins – það sem kalla mátti „stafræna ásýnd“ íslenskrar miðlunar á textaarfinum var hleypt af stokkunum, textasöfnin sem við þekkjum nú sem timarit.is, handrit.is og baekur.is.

Umræður um hvernig höfundarréttur takmarkaði miðlun yngri texta voru að sama skapi líflegar og einkennandi fyrir árin í kringum aldamótin síðustu. Landsbókasafni – Háskólabókasafni var boðin þátttaka í hinu risavaxna skönnunarverkefni bandaríska fyrirtækisins Google, Book Search, á fyrsta áratug aldarinnar, en fulltrúar fyrirtækisins komu til landsins á árunum 2005 og 2006 og héldu þá fundi með öllum helstu hagsmunaaðilum bókaútgáfu og rithöfunda í því skyni að tryggja framgang verkefnisins. Grunnþráður í hugmyndum Google var að allt prentað efni á íslensku, en þó fyrst og fremst bækur, yrði lesið inn, en efnið sjálft yrði varðveitt af Google og birt á netinu á forsendum fyrirtækisins. Höfundarréttarvarðir textar yrðu því aðeins sýnilegir í litum bótum en um leið yrðu þeir sem læsu þá hvattir til að kaupa verkin, ýmist á stafrænu formi eða sem prentaðar bækur. Verkefninu var hleypt af stokkunum og fjölmörg stór háskólabókasöfn um víða veröld tóku þátt í því en úr varð að Íslendingar höfnuðu því, ekki síst í ljósi harðvítugra deilna um lagalega stöðu verkefnisins. Sagan sýnir að sú ákvörðun var rétt.

Um líkt leyti hófu mörg Evrópulönd sín eigin þjóðlegu stafrænu miðlunarverkefni og mótuð var áætlun á vegum Framkvæmdastjórnar ESB um að tengja þessi verkefni öll saman í einni evrópskri gagnagátt. Í þessum verkefnum miðaði stafræn endurgerð jafnan við að sneiða hjá erfiðum álitaefnum um höfundarréttarmál, til að mynda með því að taka á birtingu „munaðarlausra verka“ með sérlöggjöf um undanþágur frá almennum höfundarréttarákvæðum eða tímamörkum á hve nálægt í tíma útgáfuár þeirra texta sem átti að endurgera með stafrænum hætti mátti liggja. Þessi verkefni byggðu á því að í mörgum Evrópulanda var gríðarlegt magn texta frá fyrri öldum fyrir hendi sem eðlilegt var að ráðast í að skanna inn og miðla, svipað og vefurinn baekur.is á Íslandi, og því skiptu höfundarréttarmál ekki miklu í því sambandi. En hin svokölluðu „munaðarlausu verk“ höfðu flest komið út á tuttugustu öld og höfundarrétthafar þeirra týndir, mjög margir þeirra höfðu farist í stórstyrjöldum aldarinnar. Það varð því að beita öðrum aðferðum við að miðla þeim sem tækju á spurningunni um höfundarrétt. Þar var tekin sú ákvörðun að gera texta án skilgreinds höfundarréttarhafa en í höfundarrétti að almenningseign.

Í Noregi var ákveðið að leysa höfundarréttarmálin á grundvelli samninga við innheimtufélag höfundarréttargjalda, Kopinor, sem samsvarar Fjölís á Íslandi. Árið 2010 var hleypt af stokkunum verkefninu Bokhylla sem fólst í að höfundarréttarvarin verk frá vissum tímasteiðum, sneiðmyndir úr nýlegri norskri útgáfusögu, voru skönnuð og þeim miðlað til almennings í gjaldfrjálsum aðgangi á vegum norsku þjóðar-bókhöfundunnar. Þetta verkefni rann síðan sitt skeið á enda en þjóðarbókasafn Norðmanna hélt því áfram með enn stórtækari hætti og nú hafa allir textar í höfundarrétti á norsku verið skannaðir og birtir þeim sem hafa norskar IP-tölur á sínum tækjum án endurgjalds. Þeir höfundarrétthafar sem kjósa að hafa verk sín á almennum markaði geta með einföldum hætti beðið um að kippa sínum verkum út. Greiðslur fyrir notkun renna til Kopinor sem deilir þeim aftur út til aðildarfélaga sinna sem miðla þeim áfram til höfundarrétthafa, stofnana eða annarra nota.

Umræðan um áþekkt fyrirkomulag á Íslandi hefur staðið yfir í rúman áratug. Á þeim tíma hefur ýmislegt verið skoðað og athugað í þessu máli. Fyrir liggur að núverandi skipan innheimtu höfundarréttargjalda af endurgerð efnis á vegum Fjölíss gengur upp sem rammi fyrir svipað fyrirkomulag og er við lýði í Noregi. Skýr heimild er í höfundalögum fyrir stafrænni eintakagerð á vegum bókasafna í varðveisluskyni. Umfram það er einnig heimild í höfundalögum fyrir stafrænni eintakagerð til nota fyrir það sem kallað er „afmarkaður tilgangur“ gegn því að greiðslur séu inntar af hendi til skilgreindra samtaka sem innheimta gjöld af höfundarréttarvörðu efni fyrir hönd heildarsamtaka höfundaréttshafa og handhafa útgáfuréttar. Hér á landi er það Fjölís sem hefur heimild til að ganga til slíkra samninga og til að innheimta gjöldin. Ekkert er því lagalega til fyrirstöðu að hefja miðlun á höfundarréttarvörðum textum á íslensku á vegum stofnunar eins og Landsbókasafns – Háskólabókasafns svo framarlega að til sé fé til að greiða fyrir þá miðlun.

Til viðbótar þessu hafa þessi mál verið skoðuð mjög vandlega með skýrslu sem unnin var og lögð fyrir Alþingi haustið 2019 af þáverandi ráðherra mennta- og menningarmála, Lilju Alfreðsdóttur. Upphaf málsins var þingsályktunartillaga um stafræna endurgerð prentefnis sem alþingismaðurinn Kolbeinn Óttarsson Proppé lagði fram. Skýrslan er á vef Alþingis og er mjög vel unnin og

í henni koma fram allar upplýsingar um forsögu málsins og gerð er tilraun til að meta kostnaðinn við stafræna endurgerð alls prentaðs efnis á íslensku sem enn hefur ekki verið skannað inn, sem og hvað miðlun þess muni kosta, bæði tæknilega og vegna höfundarréttargjaldanna sem eru óhjákvæmilegur hluti birtingar textanna.,

Skýrslan er tæknileg í eðli sínu, enda markmið hennar að lýsa hvernig hægt sé að ná tilteknu markmiði, en hnykkja má betur á því í almennri umræðu að staðreyndin er að lítið er af íslensku efni á Netinu, nærri þrjátíu árum eftir tilkomu þess. Með því að skanna inn íslenskan prentarf og miðla honum væri unnið grettistak í að gefa notendum færi á að lesa meira á Netinu á íslensku. Halda má því fram að misskilningur í umræðu, skortur á þekkingu á ýmsum málefnum og lítil vitund um ýmis málefni samfélagsins tengist því hve erfitt er að hafa uppi á upplýsingum á íslensku um íslensk málefni. Með því að miðla prentarfinum á stafrænan hátt yrði unnið ómetanlegt starf við að tryggja að borgararnir og aðrir málnotendur gætu aflað sér upplýsinga á íslensku.

Ísland er nú í þeirri áhugaverðu og raunar einstöku stöðu að hagsmunaaðilar eru allir hlynntir því að prentarfurinn verði gerður aðgengilegur almenningi og að fyrir liggur skýr aðgerðaráætlun um hvernig á að gera það. Það eina sem vantar er að keyra málið í gang. Semja við Fjölís um greiðslur og byrja að skanna.



Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd til fjögurra ára í senn. Hún starfar samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 6. grein segir meðal annars: „Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við með-ferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.“

Megináherslur í starfi nefndarinnar 2020–2024

Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

12. mars 2009 samþykkti Alþingi íslenska málstefnu sem gefin var út í ritinu Íslenska til alls.¹ Til stendur að endurskoða stefnuna á næsta ári. Þá var í júní 2019 samþykkt á alþingi Ályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi nr. 36/149 sem grundvallaðist að verulegu leyti á ábendingum Íslenskrar málnefndar og er mikilvægt viðmið fyrir starf málnefndarinnar.

Á skipunartíma starfandi Íslenskrar málnefndar 2020–2024 mun hún í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgjast með því að unnið verði markvisst að markmiðum málstefnunnar í samvinnu við menntamálaráðuneytið og sérstaklega í tengslum við átaksverkefnið „Áfram íslenska“. Einnig verður reynt að efla samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Íslensk málnefnd mun auk heldur hafa frumkvæði um verkefni og viðburði sem styrkt geta íslenska tungu á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Jafnframt er það markmið Íslenskrar málnefndar að verða sýnilegri í samfélaginu á þessu kjörtímabili, meðal annars á samfélagsmiðlum.

Mörg verkefni bíða úrlausnar og verður tekist á við þau eftir því sem aðstæður leyfa en hér verða nefnd fjögur verkefni sem Íslensk málnefnd hyggst einkum beita sér fyrir á skipunartímanum:

1 Viðhorf til íslensku

Reiknað er með að ályktun um stöðu íslenskrar tungu árið 2020 snúist um þetta mál. Í bókinni Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum sem byggir á rannsókninni „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga“ (2013–2016) kemur fram að skólakerfið glímir við neikvætt viðhorf til tungumálsins og hið sama hefur komið fram í öðrum nýlegum rannsóknum. Sama á við um netið og afþreyingariðnaðinn en þar eru erlendar streymisveitur og tölvuleikir nú orðnir áberandi og eins er áberandi hve fólk nefnir til bækur á ensku sem áhugaverðan lestur fremur en íslenskar bókmenntir. Fjölmenningsáhrif skapar líka þrýsting og gætt hefur þess viðhorfs að erlendri menningu sé mest virðing sýnd með því að nota ensku fremur en íslensku í samskiptum. Áberandi var virðingarleysi viðskiptalífsins í upphafi 21. aldar en þar hafa viðhorf þó aðeins batnað ef marka má samráðsfundi Íslenskrar málnefndar með aðilum úr því. Mikilvægt er því að fá þjóðina til að efla með sér raunsætt mat á stöðu íslensku sem er ekki ríkjandi mál í heiminum eða Evrópu heldur þvert á móti fámennismál sem er í talsverðri hættu og er því fjarri því að vera „hinn sterki aðili“ í samfélagi tungumálanna.

2 Íslenska í skólakerfinu

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskrar tungu árið 2021 og hefur áður verið eitt helsta baráttumál Íslenskrar málnefndar. Eitt af því sem þarf að efla er tjáningarkennsla í skólakerfinu og þá í senn munnleg og skrifleg tjáning. Nefndin hefur

áður lýst miklum áhyggjum af stöðu ritþjálfunar í skólakerfinu og lýst þeirri skoðun að ritþjálfun þurfi að komast inn í stundaskrár bæði á unglingsstigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Jafnframt hefur minnkandi bóklestur talsverð áhrif á bæði læsi og ritun. Huga þarf að stöðu almennings- og skólabókasafna sem mörg hver standa höllum fæti. Söfnin gegna lykilhlutverki í eflingu læsis og afdrifaríkt gæti reynst að vanrækja þau. Íslensk málnefnd mun hvetja sveitarfélög til að styrkja söfnin um allt land. Talað mál og hlustun þarf að enn fremur fá meira vægi í námi á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Það er t.d. gott að hlusta á upplestur á vönduðum textum til að efla orðaforða og málvitund. Þá þarf að leggja þarf aukna áherslu á að þjálfra leikni í samræðum og rökræðum, að koma fyrir sig orði og gera grein fyrir máli sínu.

3 Netíð

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2022. Þó að nú hafi verið sett myndarlegt fjármagn í máltækniáætlun sem mun leika lykilhlutverk í að búa til lausnir til að auðvelda íslenskum neytendum að nota íslensku í tölvu- og netumhverfi er ekki björninn unninn þar með. Mikilvægt er líka að málnotendur kjósi að nota íslensku einnig í tölvu- og netheimum og eins þarf að vera gott aðgengi að orðabókum og almennum upplýsingum um tungumálið á netinu og í snjallsímum. Orðabækur, gamlar og nýjar, nýyrðasöfn, orðtakasöfn, og hugtakasöfn ætti að vera unnt að nálgast gjaldfrjálst rafrænt á einum stað. Sömu leiðis handbækur um málfar og stafsetningu. Um leið þarf að tryggja að íslenskt viðmót sé í tölvum en þar stendur íslenska höllum fæti miðað við stærri tungumál þar sem frekar eru markaðsaðstæður til að íslenska allt viðmót. Íslensk málnefnd mun beita sér fyrir því að skólar og almenningur noti íslenskan hugbúnað í tölvum sínum og skólar noti rafrænt námsefni á íslensku eins og auðið er. Hún mun einnig hvetja seljendur tölva, snjallsíma og annarra tækja ætluðum almenningi til að bjóða íslenskan hugbúnað.

4 Fjölmenningsarsamfélagið

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2023. Skólakerfið stendur frammi fyrir miklum áskorunum þar sem svo mikill fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku yrði við nám í

leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins næstu árin og áratugin. Skólakerfið er eitt öflugasta tækið sem við höfum til að styrkja og efla íslensku, hvort sem íslenska er fyrsta eða annað mál nemendanna. Þar eigum við að nýta reynslu annarra þjóða og niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna á aðlögun innflytjenda og námsárangri og námsfærni tvítyngdra barna. Hafa ber í huga að virkt tvítyngi felur í sér málviðbót, þ.e. að seinna málinu er bætt við móðurmálið en það verða ekki málskipti — nýja málið kemur ekki í stað móðurmálsins. Í ályktuninni var vakin athygli á að rannsóknir bendi til að málviðbót eða virkt tvítyngi styrki og hafi jákvæð áhrif á námsárangur en málskipti hafi neikvæð áhrif. Ekki er síður nauðsynlegt að auka námsframboð fyrir fullorðna innflytjendur og gæta þess að búseta eða kostnaður hamli ekki námi. Það er afar varasamt að hópur Íslendinga sé útilokaður frá íslenskri menningu vegna tungumálaörðugleika. Íslensk málnefnd mun stefna að umræðum um íslensku sem annað mál, jafnt barna sem fullorðinna, á starfstímanum. Mikil aukning ferðamanna getur haft og hefur reyndar nú þegar talsverð áhrif á íslensku sem tungumál landsins. Nú þegar er staðan þannig að erlend mál í miðbæ Reykjavíkur eru ríkjandi í auglýsingum verslana og matsölustaða. Mikilvægt er að verslun og þjónusta sé ekki eingöngu á erlendum tungum heldur sé íslenska sýnileg, t.d. á matseðlum og í verslunum sem einkum þjóna ferðamönnum, ásamt þeim erlendu málum sem viðeigandi þykir að nota. Einnig er nauðsynlegt að leiðbeiningar á vegum úti og á ferðamannastöðum séu bæði á íslensku og viðeigandi erlendum málum. Það verður eitt af viðfangsefnum Íslenskrar málnefndar að beina því til þeirra sem málið varðar að ráða hér bót á.



Íslensk málnefnd er sammála um að leggja höfuðáherslu á þessi fjögur atriði næstu fjögur árin. Verður m.a. efnt til málþinga um hvert og eitt og reynt að vekja athygli á mikilvægi þess að efla stöðu íslenskrar tungu.

Hópur á vegum Íslenskrar málnefndar vann að endurskoðun á íslenskum stafsetningarreglum og greinarmerkja-reglum sem lokið var á kjörtímabilinu 2015–2019 og þarf að kynna þessar reglur rækilega á þessu kjörtímabili.



Um Íslenska málnefnd

Íslensk málnefnd var stofnuð 1964. Hún starfar nú samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls:

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti sextán menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Bláamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Velferðarráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

Íslensk málnefnd er þannig skipuð, tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2023:

- Ármann Jakobsson formaður, skipaður án tilnefningar
- Eva María Jónsdóttir varaformaður, skipuð án tilnefningar
- Anna Sigríður Þráinsdóttir, (Ríkisútvarpið)
- Arnhildur Arnaldsdóttir (Staðlaráð Íslands)
- Dagný Heiðdal (Íðorðafélagið)
- Hafsteinn Karlsson (Samband íslenskra sveitarfélaga)
- Jóhann R. Kristjánsson (Bandalagi þýðenda og túlka)
- Kristín Margrét Jóhannsdóttir (Samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Luciano Dutra (velferðarráðuneyti)
- Melkorka Tekla Ólafsdóttir (Þjóðleikhúsið)
- Sigríður Sigurjónsdóttir (Samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Svanhildur Sverrisdóttir (Hagþenkir)
- Steinunn Stefánsdóttir (Bláamannafélag Íslands)
- Sverrir Árnason (Samtök móðurmálskennara)
- Sölvi Björn Sigurðsson (Rithöfundasamband Íslands)
- Þórður Sævar Jónsson (Upplýsing)

Stjórn Íslenskrar málnefndar skipa:

- Ármann Jakobsson formaður
- Eva María Jónsdóttir varaformaður
- Anna Sigríður Þráinsdóttir
- Luciano Dutra
- Steinunn Stefánsdóttir

Varamenn eru:

- Svanhildur Sverrisdóttir
- Jóhann R. Kristjánsson

Ritari og samverkamaður Íslenskrar málnefndar er Ágústa Þorbergsdóttir, agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Málfregnir vefrit

2. tölublað, 20. árgangur – nóvember 2022

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: islenskan.is – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND